

# Fréttabréf

## Hörgárbyggðar

2. tbl., 8. árg., 19. janúar 2008 Ábm.: Guðmundur Sigvaldason

### Hörgárdalsvegur

Á vegáætlun þessa árs eru framkvæmdir við Hörgárdalsveg, frá Skriðu og norður fyrir Björg. Á syðri hluta vegarkaflans, frá Skriðu að Brakanda, verður byggður nýr vegur með bundu slitlagi, en þar fyrir norðan verður bundið slitlag sett á núverandi veg. Tvö stór ræsi munu koma á Tunguárnar en gömlu brýrnar yfir þær eru fyrir löngu hættar að standast vegstaðla, og með breytingunni hættir vegurinn að liggja um hlöðin á Fornhaga og í Skriðu.

Fjárveitingin til verksins er alls 110 millj. kr. Verkið verður boðið út í vor og á því að ljúka fyrir haustið.

Sveitarstjórn óskaði eftir að gert verði ráð fyrir reiðleið meðfram veginum. Umferð hesta á þessari leið er töluverð og vegur með bundnu slitlagi hentar ekki fyrir slíka umferð. Vegagerðin hefur fallist á þetta og er byrjað að undirbúa þann þátt verksins.

### Þorablót

Þá er þorinn að nálgast og þorablótin eru framundan. Þorablótið á Melum verður laugardaginn 2. febrúar og þorablótið í Hlíðarbæ verður viku seinna, 9. febrúar.

Nánar auglýst síðar.

### Skrifstofa Hörgárbyggðar

Skrifstofan er opin að jafnaði frá 10:00 til 12:00 og 13:00 til 15:00 á virkum dögum, nema á föstudögum. Símatími er á sama tíma.

Sími: 461-5474, fax 461-5475. Netfang: horgarbyggd@horgarbyggd.is.

Veffang: [www.horgarbyggd.is](http://www.horgarbyggd.is)

# Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

## **Fundur nr. 111 16. janúar 2008**

Mætt voru: Árni Arnsteinsson, Birna Jóhannesdóttir, Guðný Fjóla Árnarsdóttir, Helgi Bjarni Steinsson, Jóhanna María Oddsdóttir ásamt Guðmundi Sigvaldasyni sveitarstjóra.

### **1. Flokkun ehf., þjónustusamningur um úrgangsstjórnun**

Bréf, dags. 14. jan. 2008, frá Flokkun ehf., þar sem kynnt eru drög að þjónustusamningi um úrgangsstjórnun við Hörgárbyggð, ásamt fylgiskjölum.

Eiður Guðmundsson, framkvæmdastjóri Flokkunar ehf., kom á fundinn til að útskýra samningsdrögin og stefnu fyrirtækisins. Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við Flokkun ehf. um förgun úrgangs, endurvinnslu og móttöku spilliefna. Síðar verður gengið frá samningi um rekstur móttökustöðva og sorphirðu.

### **2. Þriggja ára áætlun aðalsjóðs, eignasjóðs og fráveitu 2009-2011**

Lögð fram drög að lögbundinni þriggja ára áætlun aðalsjóðs, eignasjóðs og fráveitu Hörgárbyggðar fyrir árin 2009-2011. Drögin gera ráð fyrir að rekstrarafgangur ársins 2009 verði kr. 20.459.000, árið 2010 kr. 18.709.000 og árið 2011 kr. 17.488.000 svo að í lok ársins 2011 verði handbært fé samtals kr. 32.995.000. Sveitarstjóri fór yfir framlögð drög.

Sveitarstjórn samþykkti síðan þriggja ára áætlunina eins og hún var lögð fram.

### **3. Fundargerð heilbrigðisnefndar, 9. jan. 2008**

Fundargerðin er í tólf liðum. Liðir 6, 10m og 11c varða Hörgárbyggð, þ.e. liður 6 er um gjaldskrá fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgárbyggð, liður 10m er um starfsleyfi fyrir hárgreiðslustofuna "Studio Marilyn" í Skógarhlíð 25 og liður 11c er vegna vatnsveitunnar í Skriðu. Fundargerðin afgreidd án athugasemda.

### **4. Fundargerð húsnefndar félagsheimilanna, 28. des. 2007**

Fundargerðin rædd og afgreidd án athugasemda

### **5. Fundargerðir byggingarnefndar, 19. des. 2007**

Fyrri fundargerðin er í sex liðum, enginn þeirra varðar Hörgárbyggð. Síðari fundargerðin felur í sér yfirlit yfir störf nefndarinnar á árinu 2007. Þar kemur fram að fyrir liggur afgreiðsla Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála um að nefndin samþykki byggingarleyfi vegna viðbyggingar við gamla íbúðarhúsið í Hraukbæ. Byggingarnefnd hafði á sínum tíma hafnað erindinu þar sem viðbyggingin þótti ekki ásættanleg miðað við framlagðar teikningar. Sveitarstjórn Hörgárbyggðar hafði aftur á móti veitt samþykkti sitt fyrir viðbyggingunni og með vísan til þess er staðfest að ákvörðun sveitarstjórnar Hörgárbyggðar gildir í þessu máli. Fundargerðirnar ræddar og afgreiddar án athugasemda.

### **6. Fundargerð búfjáreftirlitsnefndar á svæði 18, 27. nóv. 2007**

Fundargerðin er í tveimur liðum. Í lið 2 b er fjárhagsáætlun nefndarinnar fyrir árið 2008. Skv. fjárhagsáætluninni mun Hörgárbyggð greiða kr. 453.000 til þessa verkefnis á árinu. Sveitarstjórn samþykkti framlagða fjárhagsáætlun eins og hún var lögð fram. Fundargerðin var síðan afgreidd án athugasemda.

### **7. Umsóknir um námsvist utan lögheimilissveitarfélags**

Lagðar fram umsóknir, dags. 20. des. 2007, um námsvist utan lögheimilissveitarfélags. Sveitarstjórn samþykkti erindið að þessu sinni en sveitarstjóra var jafnframt falið að rita, fræðslustjóra Akureyrarbæjar í þessu tilviki, bréf þar sem fram komi að ekki verði greitt fyrir börn utan lögheimilissveitarfélags nema búið sé að ganga frá samþykki sveitarfélagsins áður en námsvistin hefst.

## **8. Vetrarþjónusta á helmingamokstursvegum**

Lögð fram drög að samkomulagi milli Vegagerðarinnar og Hörgárbyggðar um framkvæmd vetrarþjónustu á helmingamokstursvegum í sveitarfélaginu.

Málið rætt og síðan samþykkti sveitarstjórn framlögð drög að samkomulagi um helmingamoksturinn.

## **9. Hörgá, umsókn um breytingu á framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku**

Bréf, dags. 11. jan. 2008, frá Sverri Brynjari Sverrissyni og Sverri Haraldssyni, þar sem óskað er eftir að tilgreint magn í framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr og við Hörgá í landi Steðja verði 49.000 m<sup>3</sup> í stað 30.000 m<sup>3</sup>. Málið rætt og síðan samþykkt.

## **10. Neðri-Rauðilækur, afmörkun byggingarreits**

Tölvubréf, dags. 11. jan. 2008, frá Sigurði S. Sigurðssyni og Stefaníu Steinsdóttur, um leyfi fyrir byggingarreit fyrir íbúðarhús á Neðri-Rauðalæk. Málið rætt og síðan samþykkt.

## **11. Framhaldsskólanefnd, tilnefning**

Tölvubréf, dags. 11. jan. 2008, frá Bjarna Kristjánssyni, um tilnefningu í framhaldsskólanefnd, sbr. samþykktir í héraðsnefnd og héraðsráði. Einnig fylgja með drög að erindisbréfi nefndarinnar. Skv. samþykkt héraðsráðs eiga sveitarfélagin að veita umsógn um þau. Nefndinni er ætlað að vera héraðsnefnd, héraðsráði og sveitarfélögum til ráðgjafar um byggingu nýrra framhaldsskóla við Eyjafjörð eða stækkun þeirra skóla sem fyrir eru. Nefndin er til komin vegna undirbúnings á stofnun framhaldsskóla í Ólafsfirði og fyrirhugaðrar byggingar fyrir starfsdeild við Verkmenntaskólann á Akureyri.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við framlagt erindisbréf fyrir nefndina og samþykkir jafnframt fyrir sitt leyti að Valdimar Gunnarsson, Rein Eyjafjarðar-sveit, verði tilnefndur í nefndina fyrir hönd annarra sveitarfélaga í Eyjafirði en Akureyrarbæjar, Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar.

## **12. Lækjarvellir 7, gatnagerðargjald**

Bréf, dags. 8. jan. 2008, frá Byggingafélaginu Glitti ehf., þar sem óskað er eftir fresti til ganga frá greiðslu gatnagerðargjalds vegna Lækjarvalla 7 fram yfir næsta vaxtaákvörðunardag Seðlabankans. Sveitarstjórn samþykkir erindið.

## **13. Óbyggðanefnd, þjóðlendumál**

Bréf, dags. 2. jan. 2008, frá Óbyggðanefnd, þar sem greint er frá því að fjármálaráðherra hafi verið veittur viðbótarfrestur til 28. febrúar 2008 til að lýsa hugsanlegum þjóðlendukröfum á svæði 7. Í bréfinu kemur einnig fram að Óbyggðanefnd hefur samþykkt ósk fjármálaráðherra um breytta afmörkun svæðis 7, þannig að það nái einungis til suðurhluta svæðisins. Þetta mál var áður á dagskrá sveitarstjórnar 5. desember 2007, sjá 7. lið þeirrar fundargerðar. Lagt fram til kynningar.

## **14. Hólar, skógræktarsamningur**

Bréf, dags. 21. des. 2007, frá Norðurlandsskógum ásamt afriti af samningi um þátttöku í landshlutaverkefni í skógrækt á Hólum. Lagt fram til kynningar.

## **15. Barnavernd, ráðstefna um framkvæmdaáætlun**

Bréf, dags. 4. jan. 2008, frá félagsmálaráðuneytinu, um ráðstefnu sem haldin verður 4. febr. 2008 um fyrirbyggjandi drög að framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar, sbr. bréf ráðuneytisins, dags. 5. des. 2007, sjá 11. lið í fundargerð sveitarstjórnar 19. des. 2007. Lagt fram til kynningar.

## **16. Staðardagskrá 21, landsráðstefna**

Bréf, dags. 11. jan. 2008, frá skrifstofu Staðardagskrá 21 á Íslandi, um landsráðstefnu Staðardagskrár 21 sem haldin verður í Hveragerði 8.-9. febr. 2008.

Framhald á næstu síðu

**17. Neðri-Rauðilækur, umsókn um framkvæmdaleyfi til efnistöku**

Bréf, dags. 14. jan. 2008, frá Oddgeiri Sigurjónssyni og Sigurði Sumarliða Sigurðssyni, þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr mel sem er suðvestan til í landi Neðri-Rauðalækjar. Afstöðumynd fylgir. Óskað er eftir leyfi fyrir 45.000 m<sup>3</sup> á næstu þremur árum. Sveitarstjórn samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki Skipulagsstofnunar.

**18. Ósk um lausn frá nefndarsetu**

Bréf, dags. 22. des. 2007, frá Hönnu Rósu Sveinsdóttur, þar sem hún tilkynnir um brottflutning úr sveitarfélaginu og biðst lausnar sem aðalmaður í skólanefnd og sem varaskoðunarmaður ársreikninga sveitarfélagsins. Elisabeth J Zitterbart hefur verið fyrsti varamaður í skólanefnd og var samþykkt að hún taki sæti sem aðalmaður í skólanefnd.

**Næsti fundur sveitarstjórnar verður 20. febr. 2008**

Dagskrá fundarins mun birtast á heimasíðu sveitarfélagsins síðdegis 18. febr. og liggja frammi á skrifstofunni frá sama tíma

**Næsti söfnunardagur á heyrúlluplasti**

(baggaplasti)

er 11. febrúar 2008. Minnt er á að vanda frágang plastsins, svo að meðhöndlun þess og endurvinnsla gangi sem best.

**Hundahreinsun  
Ábyrgðartrygging hunda og katta**

Hundaeigendum í Hörgárbyggð er skylt að framvísa fyrir 1. febrúar vottorði um að hreinsun hundanna hafi farið fram. Nokkur vottorð hafa þegar borist en enn vantar þau vegna allmargra hunda. Þá er hundaeigendum og kattaeigendum (í þéttbýli) skylt að senda fyrir 1. febrúar ár hvert staðfestingu um að dýrin séu ábyrgðartryggð. Ábendingar hafa borist um lausagöngu hunda í Skógarhlíðarhverfi. Hún er bönnuð skv. samþykkt um hundahald í Hörgárbyggð, sem er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins, undir "Stjórnsýsla" og síðan "Reglur". Þar er líka samþykkt um kattahald í þéttbýli.

**Hunda- og kattaeigendur er hvattir til að fylgja samþykktunum í hvívetna.**

**Fróðleiksmoli af heimasíðu Staðardagskrár 21**

([www.samband.is/Dagskra21](http://www.samband.is/Dagskra21))

Sífelld fleiri lönd og sveitarfélög íhuga að takmarka eða banna notkun einnota haldapoka úr plasti. Í Kína verða ókeypis plastpokar t.d. bannaðir frá 1. júní nk., umhverfisráðherra Ástralíu hefur lagt til að hætt verði að nota plastpoka í þarlegum dagvöruverslunum fyrir árslok, og forseti borgarstjórnar í Stavanger í Noregi hefur víðrað svipaðar hugmyndir. Svo mætti reyndar lengi telja. Áætlað er að Kínverjar noti um 3 milljarða plastpoka á degi hverjum. Plast er framleitt úr olíu, en úr einu kíló af olíu fæst aðeins hálf kíló af plasti. Auk þess fer mikil orka í framleiðslu plastpoka. Venjulegur plastpoki er að meðaltali notaður í 20 mínútur samkvæmt norskum útreikningum.

(Þessi moli er úr "Orðum dagsins" á heimasíðunni 16. jan. 2008)